

Alþingi
Erindi nr. P 143/655
komudagur 1.12.2013

Umsögn Dögunar um mál 68 á þingskjali 68

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum (persónukjör þvert á flokka).

Dögun fagnar því að komið sé fram frumvarp um persónukjör og styður málið. Persónukjör miðar að því að auka frelsi kjósenda í kjörklefanum og gefa honum þannig færi á að dreifa atkvæði sínu á ákveðna frambjóðendur sem hann treystir. Slíkt ætti að veita stjórnámálamönnum meira aðhald og brýningu og minnka flokksræðið og völd valdastofnanna stjórn mála flokkanna. Dögun fagnar því sérstaklega að hér sé gert ráð fyrir persónukjöri þvert á flokka.

Þrátt fyrir að hreyfingin sé jákvæð í garð málsins er óhjákvæmilegt að benda á að frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá gæti einnig náð sama tilgangi og auk þess bætt og lagað ýmislegt annað sem þörf er á. Dögun bendir á að í þjóðaatkvæðagreiðslu um það frumvarp lýstu 2/3 kjósenda sig fylgjandi því að frumvarp Stjórnlagaráðs yrði lagt til grundvallar nýrri stjórnarskrá og 68,5% kjósenda vilja að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er. Eðlilegast væri því fyrir Alþingi að lúta vilja kjósenda með því að breyta stjórnarskránni.

Umsögn Dögunar um mál 119 á þingskjali 122

Tillaga til þingsályktunar um aukinn sýnileika og bættu ímynd Alþingis á samfélagsmiðlum.

Dögun tekur undir mikilvægi þess að Alþingi nýti samskiptamiðla og nýja tækni til að koma upplýsingum til almennings en vil einnig benda á mikilvægi þess að borgararnir fái aukin tækifæri til að vera í samskiptum við þingið, m.a. með því að senda inn umsagnir um þingmál og erindi til þingmanna. Mikil þörf er á því að bæta ímynd Alþingis enda hefur traust á því verið í sögulegu lágmarki frá hruni. Ímyndarsköpun getur þó aldrei komið í staðinn fyrir bætt vinnubrögð þingmanna. Þar þarf að láta verkin tala.

Fyrir hönd framkvæmdaráðs Dögunar

--

Helga Þórðardóttir

Seiðakvísl 7

110 Reykjavík

S: 8642987